# INNKÖLLUNARSNIÐ

Eftirfarandi er lýsing á færslu- og skráarsniði sem embætti landlæknis notar til að kalla inn samskiptaupplýsingar frá heilsugæslustöðvum og læknastofum. Tilgreind eru þau gagnasvið sem nauðsynleg eru. Heiti þeirra, lýsing og réttmæt gildi. Einnig er tilgreint hvort skylt sé að skila þeim inn, eða hvort þau eru valkvæm. Að lokum er gefið dæmi um eina færslu þar sem öll gagnasviðin koma fram.

**Gagnasvið**
Hvert gagnasvið er aðgreint með semikommu [;] í skrá og myndar hver færsla eina línu sem samanstendur af öllum gagnasviðum en þau eru 19 talsins. Ef ekki er sett gildi í valkvæmt svið skal engu að síður setja semikommu [;] til að viðhalda jöfnum færslufjölda.

Ef óskað er eftir nánari útskýringum á hverju skráningaratriði er vísað í tilmæli landlæknis um lágmarksskráningu samskipta á heilsugæslustöðvum og á læknastofum, 2. útgáfu, desember 2007.

| **HEITI** | **Kennitala stöðvar/stofu/læknis** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Kennitala stöðvar/stofu/læknis. Tíu stafa tala úr þjóðskrá án bandstriks. | |
| **GILDI** | DDMMYYXXXY | |

| **HEITI** | **Númer stöðvar/stofu** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Hver heilbrigðisstofnun eða læknastofa hefur sérstakt auðkennisnúmer í skrá landlæknis yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu. | |
| **GILDI** | Níu stafa strengur XXYY-ZZZZ samkvæmt skrá landlæknis yfir rekstraraðila í heilbrigðisþjónustu. Þar sem XX = bókstafir, YY=leyfisár og ZZZZ=tölustafir. | |

| **HEITI** | **Tegund samskipta** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Flokkun samskipta eftir því hvort um er að ræða viðtal, vitjun eða símtal. | |
| **GILDI** | Heiltala [1, 2, 3, 4]<br><br>1 = Viðtal<br>2 = Vitjun<br>3 = Símtal<br>4 = Annað | |

| **HEITI** | **Kennitala einstaklings** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Kennitala sjúklings, tíu stafa tala úr þjóðskrá án bandstriks. Kennitalan er dulkóðuð við flutning gagna í gagnagrunn Landlæknisembættisins. | |
| **GILDI** | DDMMYYXXXY | |

# INNKÖLLUNARSNIÐ

| **HEITI** | **Læknanúmer heimilislæknis einstaklings** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Læknanúmer heimilislæknis sjúklings í samræmi við læknaskrá embættis landlæknis. | |
| **GILDI** | Öll gild læknanúmer úr læknaskrá embættis landlæknis. Númerið samanstendur af fjórum tölustöfum ZZZZ. Ef upplýsingar eru ekki til staðar skal skrá 9999.<br>Í vinnslu er nýtt snið læknanúmera sem tekið verður í notkun á næstu misserum. Númerið verður lengt (skeytt framan við það) og mun verða á sniðinu XXYY-ZZZZ. Þar sem XX = bókstafir (t.d. LK hjá læknum), YY=leyfisár (t.d. 06 fyrir árið 2006) og ZZZZ=tölustafir | |

| **HEITI** | **Ríkisfang** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Ríkisfang einstaklings. | |
| **GILDI** | Samkvæmt tveggja bókstafa landskóðum Þjóðskrár, XX.<br>Dæmi: Ísland = IS, Danmörk = DK, Óþekkt = 99. | |

| **HEITI** | **Kyn** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Kyn einstaklings. | |
| **GILDI** | Heiltala [1, 2]<br>1 = Karl (drengur)<br>2 = Kona (stúlka) | |

| **HEITI** | **Hjúskaparstaða** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Hjúskaparstaða einstaklings samkvæmt þjóðskrá. | |
| **GILDI** | Heiltala [1, 3, 4, 5, 6, 9]<br><br>1 = Ógift(ur)<br>3 = Gift(ur) eða staðfest samvist<br>4 = Ekkja/ekkill<br>5 = Skilin(n) að borði og sæng<br>6 = Skilin(n) að lögum<br>9 = Hjúskaparstaða ekki gefin upp/óþekkt<br><br>Ef ekki hefur verið skráð gildi skal setja 9 (óþekkt) | |

| **HEITI** | **Sveitarfélagsnúmer** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Sveitarfélag einstaklings. Fjögurra stafa sveitarfélaganúmer lögheimilis skv. Þjóðskrá, sjá http://www.thjodskra.is/taknmal/. Ef um útlendinga er að ræða skal setja 99 og tveggja bókstafa landskóða frá þjóðskrá (sjá ríkisfang). | |
| **GILDI** | XXXX fjórir stafir. Dæmi: Reykjavík = 0000, Kópavogur = 1000, Akureyri = 6000, Danmörk = 99DK. | |

# INNKÖLLUNARSNIÐ

| HEITI | Póstnúmer | Ekki tómt |
|---|---|---|
| LÝSING | Póstnúmer einstaklings. Þriggja stafa póstnúmer lögheimilis skv. Þjóðskrá, sjá einnig á http://www.postur.is/. Ef um útlendinga er að ræða skal setja 999. | |
| GILDI | XXX þrír stafir. Dæmi: Reykjavík = 101, Kópavogur = 200, Akureyri = 600, Danmörk = 999. | |

| HEITI | Dagsetning bókunar | Valkvæmt |
|---|---|---|
| LÝSING | Dagur, mánuður og ár þegar samskipti við einstaklinginn voru bókuð. | |
| GILDI | DD.MM.YYYY | |

| HEITI | Dagsetning og tími samskipta | Ekki tómt |
|---|---|---|
| LÝSING | Dagur, mánuður, ár og tími þegar samskipti við einstaklinginn áttu sér stað. | |
| GILDI | DD.MM.YYYY HH24:MI | |

| HEITI | Forgangsröðun | Valkvæmt |
|---|---|---|
| LÝSING | Ef dagsetning bókunar er ekki sú sama og dagsetning samskipta telst aðkoman ekki bráð. Ef dagsetning bókunar er sú sama og dagsetning samskipta þarf að taka afstöðu til þess hvort samskiptin eru bráð eða ekki bráð. | |
| GILDI | Heiltala [0, 1]<br><br>0 = Ekki brátt<br>1 = Brátt | |

| HEITI | Starfsstétt starfsmanns | Ekki tómt |
|---|---|---|
| LÝSING | Starfsstétt starfsmanns innan stöðvarinnar/stofunnar sem sinnir samskiptum við einstaklinginn. | |
| GILDI | Heiltala [1, 2, 3, 4, 5, 6, 9]<br><br>1 = Læknir<br>2 = Hjúkrunarfræðingur<br>3 = Sjúkraliði<br>4 = Sjúkraþjálfari<br>5 = Iðjuþjálfi<br>6 = Ljósmóðir<br>9 = Annar heilbrigðisstarfsmaður | |

# INNKÖLLUNARSNIÐ

| **HEITI** | **Númer starfsmanns** | **Valkvæmt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Númer viðkomandi starfsmanns ef slík númer eru tiltæk fyrir viðkomandi starfsstétt. | |
| **GILDI** | Öll gild læknanúmer úr læknaskrá embættis landlæknis. Númerið samanstendur af fjórum tölustöfum, ZZZZ.<br>Númer annarra skv. starfsgreinaskrám embættis landlæknis. Númerið samanstendur af níu stöfum XXYY-ZZZZ. Þar sem XX = bókstafir, YY=leyfisár og ZZZZ=tölustafir.<br>Skrá skal fyrir þær stéttir sem eiga starfsgreinanúmer. | |

| **HEITI** | **Tilvísun** | **Valkvæmt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Hver vísaði einstaklingi. | |
| **GILDI** | Heilatala [1, 2, 3, 4, 5, 6, 9]<br><br>1 = Einstaklingurinn sjálfur<br>2 = Fjölskylda eða vinur<br>3 = Læknir<br>4 = Annar fagmaður úr heilbrigðisþjónustu<br>5 = Annar fagmaður, svo sem kennari, prestur eða íþróttaþjálfari<br>6 = Aðili sem stundar óhefðbundnar lækningar, svo sem græðari<br>9 = Ekki vitað | |

| **HEITI** | **Tilefni samskipta** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Tilefni samskipta skal skráð samkvæmt flokkunarkerfinu ICPC *(International Classification of Primary Care)*. | |
| **GILDI** | [Flokkunarkerfi]:[Kóðanúmer]<br>Ef fleiri en eitt tilefni er skráð skulu þau aðgreind með kommu.<br>Dæmi: ICPC:-50,ICPC:-45. | |

| **HEITI** | **Sjúkdómsgreiningar** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Sjúkdómsgreiningar samskipta skráðar í samræmi við gildandi útgáfu Alþjóðlegs flokkunarkerfis sjúkdóma og skyldra heilbrigðisvandamála, nú ICD-10 *(International Classification of Diseases and Related Conditions, Rev. 10).* | |
| **GILDI** | [Flokkunarkerfi]:[Kóðanúmer]<br>Ef fleiri en ein sjúkdómsgreining er skráð skal hún aðgreind með kommu. Skrá skal tvo greiningarkóða fyrir slys, annan fyrir tildrög slyss skv. XX kafla í ICD-10 og hinn fyrir áverkann.<br><br>Lögleg ICD-10 kóðanúmer.<br>Kóðanúmerið byrjar með einum bókstaf og á eftir koma tveir eða þrír tölustafir.<br>Dæmi: ICD-10:M79.9 eða ICD-10:Z76.0,ICD-10:Z26.9. | |

# INNKÖLLUNARSNIÐ

| **HEITI** | **Úrlausnir** | **Ekki tómt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Þær úrlausnir sem falla undir eitthvað af þeim flokkunarkerfum sem Landlæknisembættið gefur út skulu skráðar skv. þeim. Kóðaðar úrlausnir geta t.d. verið aðgerðir og lyfjaávísanir. | |
| **GILDI** | [Flokkunarkerfi]:[Kóðanúmer]<br>Ef fleiri en ein úrlausn er skráð skal hún aðgreind með kommu.<br>Dæmi: ATC:N02BE51. | |

| **HEITI** | **Eftirlit eftir samskipti** | **Valkvæmt** |
|---|---|---|
| **LÝSING** | Skráð hvort fyrirhugað sé eftirlit og ef svo er hvar það eftirlit muni fara fram. | |
| **GILDI** | Heilatala [1, 2, 3]<br><br>1 = Eftirlit ekki fyrirhugað.<br>2 = Eftirlit fyrirhugað á sama stað.<br>3 = Eftirlit fyrirhugað annars staðar. | |

Gögnin verða móttekin á hreinu textasniði þar sem 19 svæði eru afmörkuð með semikommu [;]. Ef um valkvæmt svið er að ræða, sem hefur ekkert gildi, skal samt sem áður setja semikommu [;] til að viðhalda samræmdu færslusniði (19 svið, 18 semikommur [;] pr. færslu)

Dæmi um færslu:

| **Nr.** | **Nafn** | **Gildi** |
|---|---|---|
| 1 | Kennitala stöðvar/stofnunar/læknis | 0101072220 |
| 2 | Númer stöðvar/stofnunar/stofu | RA09-0010 |
| 3 | Tegund samskipta | 1 |
| 4 | Kennitala einstaklings | 3008734139 |
| 5 | Heimilislæknir einstaklings | 1234 |
| 6 | Ríkisfang | IS |
| 7 | Kyn | 2 |
| 8 | Hjúskaparstaða | 3 |
| 9 | Sveitarfélagsnúmer einstaklings | 1000 |
| 10 | Póstnúmer einstaklings | 101 |
| 11 | Dagsetning bókunar | 01.02.2007 |
| 12 | Dagsetning og tími samskipta | 02.02.2007 13:20 |
| 13 | Forgangsröðun | 0 |
| 14 | Starfstétt starfsmanns | 2 |
| 15 | Númer starfsmanns | HJ06-2000 |
| 16 | Tilvísun | 1 |
| 17 | Tilefni | ICPC:-50,ICPC:-45 |
| 18 | Greining | ICD-10:M79.9 |
| 19 | Úrlausn | ATC:N02BE51 |
| 20 | Eftirlit | 1 |